Stöðug viðleitni til að gera hluti tímalausa

— segir listakonan Myriam Bat-Yosef, sem nú sýnir á Kjarvalsstöðum

Myriam Bat-Yosef sýnir á Kjarvalsstöðum um það bil 100 verk, sem eru yfirlit yfir það sem hún hefur verið að gera að undanförnu. Þetta eru verk, sem máluð eru á silki og annað efni svo og klippimyndir. Þá eru á sýningunni silkiþrykkt veggteppi, máladir hlutir og ljósmyndir af gjörningum.

Myriam Bat-Yosef er íslenskur ríkisborgari og heitir á okkar tungu María Jósefsdóttir. Hún kom fyrst til Íslands fyrir um það bil 30 árum og var þá gift listamanninum Erró, Guðmundi Guðmundssyni. Þau eiga eina dóttur, sem heitir Tura og er fædd 1960. María hefur aðsetur í París en kemur hingað öðru hvoru. Hún hefur haldið nokkrar sýningar í Reykjavík alveg síðan 1956 og sýnt víða erlendis bæði á einkasýningum og samsýningum. María hefur hlotið ýmsar erlendar viðurkenningar fyrir verk sín, meðal annars heiðursverðlaun á Tríennialinum í Tókýó árið 1964 og árið 1966 gagnrýnendaverðlaun Arnys í París.

Um list sína hefur hún sagt meðal annars: „Á fyrstu árum myndlistarferils míns hafði ég atvinnu af listinni, vinna mín tengdist fagurfræðilegum og listfræðilegum kröfum; málverk varð að vera tæknilega vel gert og fagurfræðilega séð þurftu myndir að vera í góðu jafnvægi. Smám saman varð myndlist mín eina leiðin til að lifa lífinu. Hjá mér þróaðist þörf til að túlka reynslu, sem tengdist líkama mínum og dreifa henni yfir allt umhverfi mitt. Þannig byrjaði ég að mála hluti og fólk, tengdi það umhverfi og síðan fór ég að fremja gjörninga.



Myriam Bat-Yosef

Öll mín vinna er í raun og veru stöðug viðleitni til að gera hluti tímalausa. Þess vegna málaði ég erfðaskrá mína í stað þess að skrifa hana og sendi til lögfræðings míns."

Það má geta þess, að nokkur atriði úr erfðaskrá Myriam Bat-Yosef eru á sýningunni á Kjarvalsstöðum. Sýningin stendur til 17. júní næstkomandi.

H.E.

Sýning í Ásgrímssafni

SUNNUDAGINN 2. JÚNÍ verður opnuð í Ásgrímssafni hin árlega sumarsýning. Að þessu sinni eru sýnd um 35 myndverk og hefur verið lögð áhersla á að hafa sýninguna sem fjölbreytilegasta, bæði hvað varðar myndefni og tækni.

Á heimili Ásgríms á neðri hæð hússins eru sýnd verk frá fyrsta og öðrum tug aldarinnar, olíumálverk, vatnslitamyndir og teikningar. Uppi í vinnustofu málarans, á annarri hæð hússins, hafa verið dregin fram yngri úrvalsverk í eigu safnsins.

Í sumar verður Ásgrímssafn opið alla daga vikunnar, nema laugardag, kl.13:30—16:00. Aðgangur er ókeypis og verður sýningin opin til ágústloka. **(Fréttatilkynning)**



Ásgrímur Jónsson: Frá Borgarfirði.

Sjómannadagurinn 1985

Reykjavík

Dagskrá 48. sjómannadagsins í Reykjavík 2. júní 1985.

8.00 Fánar dregnir að húni á skipum í Reykjavíkurhöfn.

11.00 Minningarguðsþjónusta í Dómkirkjunni. Biskupinn yfir Íslandi, herra Pétur Sigurgeirsson, minnist drukknaðra sjómanna. Séra Hjalti Guðmundsson þjónar fyrir altari. Dómkórinn syngur undir stjórn Marteins H. Friðrikssonar.

Skemmtisigling um sundin blá.

12.15 Skemmtisiglingar með hvalbátum um sundin við Reykjavík fyrir þá sem keypt hafa merki sjómannadagsins. Börn yngri en 12 ára þurfa þó að vera í fylgd með fullorðnum. Farið verður frá Faxagarði í Reykjavíkurhöfn. Siglingar hefjast kl. 12.15 og síðasta ferð verður farin kl. 16.00. Þrír bátar verða í förum.

Útihátíðahöld við Reykjavíkurhöfn

13.00 Milli 13.00 og 14.00 sigla félagar í sportbátaklúbbnum Snarfara bátum sínum innan Reykjavíkurhafnar. Ennfremur verður sjóskíðaíþrótt á þeirra vegum.

13.30 Lúðrasveit Reykjavíkur leikur létt sjómannalög, stjórnandi er Stefán Þ. Stephensen.

14.00 Samkoman sett. Þulur og kynnir dagsins er Anton Nikulásson.

Ávörp:

A: Fulltrúi ríkisstjórnarinnar, Steingrímur Hermannsson, forsætisráðherra, í fjarveru sjávarútvegsráðherra.

B: Fulltrúi útgerðarmanna, Einar K. Guðfinnsson, útgerðarmaður í Bolungarvík.

C: Fulltrúi sjómanna, Pétur Sigurðsson, togaraskipstjóri.

D: Pétur Sigurðsson, formaður sjómannadagsráðs, heiðrar aldraða sjómenn með heiðursmerki sjómannadagsins.

Skemmtanir dagsins.

Milli kl. 14. og 15.00 sigla félagar í Brokey og Siglingafélagi Reykjavíkur inn í Reykjavíkurhöfn á seglskútum sínum.

14.45 Kappróður í Reykjavíkurhöfn. Keppt er bæði í karla- og kvennasveitum á nýjum kappróðrarbátum.

Björgunarsýningar

Félagar í björgunarsveit SVFÍ Ingólfi í Reykjavík sýna meðferð öryggis- og björgunartækja.

15.30 Björgunarþyrla Landhelgisgæslunnar ásamt félögum í björgunarsveitinni Ingólfi sýna björgunaræfingar úr sjó. Koddaslagur fer fram af ekjubrú Akraborgar ef næg þátttaka fæst. Keppendur gefi sig fram á staðnum.

Hrafnista Reykjavík.

14.30 Lúðrasveit Reykjavíkur leikur við Hrafnistu í Reykjavík.

14.30—17.00 Kaffisala í kaffi- og samkomusal. Jafnframt verður sýning og sala á handavinnu vistmanna. Allur ágóði rennur til velferðarmála heimilismanna Hrafnistu í Reykjavík.

19.30 sjómannadagshóf á Hótel Sögu, Súlnasal. Miðasala og borðapantanir verða á Hótel Sögu laugardaginn 1. júní frá kl. 17.00—19.00.

Hafnarfjörður

Dagskrá sjómannadags í Hafnarfirði.

Laugardaginn 1. júní kl. 20 verður haldið sjómannahóf á skemmtistaðnum Tess, verður framreiddur þar matur frá Skútunni og mun Ómar Ragnarsson sjá um skemmtiatriði ásamt fleirum.

Sunnudagur

Kl. 8.00. Fánar dregnir að húni.

Kl. 11.00. Sjómannamessa í Hafnarfjarðarkirkju, prestur sr. Gunnþór Ingason.

Kl. 13.00. Skemmtisigling með börn út á Hafnarfjörð.

Kl. 14.00. Hátíðin sett. Ræður flytja Helgi Einarsson skipstjóri af hálfu sjómanna og Engilráð Óskarsdóttir af hálfu Slysavarnafélagsins Hraunprýði. Aldraðir sjómenn heiðraðir. Reiptog, koddaslagur og kappróður. Lúðrasveit Hafnarfjarðar leikur á hátíðarsvæðunum.

Kl. 22.00. Dansleikur í Tess.

Hrafnista í Hafnarfirði.

Kl. 10.30. Lúðrasveit Hafnarfjarðar leikur.

KL. 11.00. Sjómannamessa í Kapellu Hrafnistu, Hafnarfirði, prestur sr. Sigurður H. Guðmundsson.

Kl. 14.30—17.30. Kaffisala í borð- og samkomusal. Jafnframt verður sýning og sala á handavinnu vistmanna. Allur ágóði rennur til velferðarmála heimilismanna.

Kl. 15.30. Sundlaug Hrafnistu í Hafnarfirði vígð og tekin í notkun. Séra Sigurður H. Guðmundsson vígir sundlaugina.

Keflavík og Njarðvík

Dagskrá sjómannadagsins í Keflavík og Njarðvík.

Kl. 9.00. Íslenski fáninn dreginn að húni við minnismerki sjómanna og við höfnina.

Kl. 11.00. Sjómannamessa í Ytri-Njarðvíkurkirkju.

Kl. 12.45. Skemmtisigling með börn bæði frá Keflavíkurhöfn og Njarðvíkurhöfn.

Kl. 14.00. Hátíðarhöld við höfnina sett af Jóni Ólafssyni, formanni sjómannadagsráðs. Fulltrúi Vélstjórafélags Suðurnesja flytur ávarp. Aldraðir sjómenn heiðraðir. Aflakóngur vertíðarinnar 1985 heiðraður. Kappróður, stakkasund, koddaslagur, reiptog.

Um kvöldið verður Sjómannahóf og matur í KK-húsinu. Hljómsveitin Ægir leikur fyrir dansi.

Kaffisala verður í Víkinni á sjómannadaginn kl. 14.00—18.00. Einnig verða seld merki sjómannadagsins og verða þau afhent sölubörnum í Víkinni kl. 9.00.

Akureyri

Dagskrá sjómannadagsins á Akureyri.

Kl. 8.00. Fánar dregnir að húni.

Kl. 11.00. Guðsþjónusta í Akureyrarkirkju, prestur sr. Þórhallur Höskuldsson, og í Glerárkirkju, prestur sr. Pálmi Matthíasson. Sjómenn aðstoða við messuna.

Kl. 13.30. Hátíðarhöld við sundlaugina hefjast. Ávörp flytja Valdimar Bragason fulltrúi útgerðarmanna og Sigurður Friðriksson fulltrúi sjómanna. Aldraðir sjómenn heiðraðir. Þá verður stakkasund og björgunarsund og fleiri uppákomur.

Kl. 16.00. Kappróður við Torfunefsbryggju.

Kl. 18.00. Landhelgisgæslan sýnir björgun úr sjó og henni til aðstoðar verður Sjóbjörgunarsveitin Súlur. Á eftir verður þyrla Landhelgisgæslunnar til sýnis á túninu framan við Dynheima.

Nökkvi, félag siglingamanna, verður með seglbrettasýningu og -leigu.

Drangur mun fara nokkrar ferðir með fólk um Pollinn.

Slysavarnakonur selja veitingar í Laxárgötu 5.

Leikfélag Akureyrar sýnir á sjómannadag leikritið „Kötturinn" eftir Ólaf Hauk Símonarson.

Dansleikur verður í Sjallanum um kvöldið og fer þar fram verðlaunaafhending fyrir íþróttir dagsins. Gautar frá Siglufirði leika fyrir dansi.

Ísafjörður

Dagskrá sjómannadagsins á Ísafirði.

Laugardagur 1. júní.

Kl. 14.00. Hópsigling með börnin, áætlaðir 2 tímar. Þá mun Landhelgisgæslan sýna björgun úr sjó með aðstoð Björgunarsveitarinnar Skutull.

Sunnudagur 2. júní.

Kl. 9.30. Messa í kapellunni í Hnífsdal, prestur sr. Jakob Hjálmarsson. Að henni lokinni hópganga að minnisvarða sjómanna þare sem lagður verður blómsveigur.

Kl. 10.45. Hópganga frá miðbæ Ísafjarðar að minnisvarða sjómanna við kirkjuna og lagður að honum blómsveigur.

Kl. 11.00. Messa í Ísafjarðarkirkju, prestur sr. Jakob Hjálmarsson.

Kl. 14.00. Hátíðin sett við bátahöfnina af Kristjáni Jónssyni formanni sjómannadagsráðs. Aldraðir sjómenn heiðraðir. Ávarp flytur Guðmundur Einarsson vélstjóri. Kappróður skipshafna og landsveita kvenna og karla. Björgunarsveitin Skutull mun sjá um ýmsa leiki við smábátahöfnina.

Kl. 16.30. Knattspyrna á íþróttavellinum milli undir- og yfirmanna bátanna.

Kaffiveitingar verða kl. 15.00—18.00 í félagsheimilinu í Hnífsdal á vegum slysavarnadeildarinnar.

Dansleikir verða í Uppsölum á vegum Sjómannadagsráðs bæði laugardags og sunnudagskvöld frá kl. 23.00—3.00.

Blöð og merki dagsins verða afhent sölubörnum á laugardag kl. 17.00—18.00 við Hafnarvog.

Siglufjörður

Siglufirði 30. maí.

SJÓMANNADAGURINN hefur lengi verið haldinn hátíðlegur á Siglufirði og í þetta sinn er það einkum tvennt sem mun gera daginn eftirminnilegan. Í fyrsta lagi hafa píltar úr björgunarsveitinni fest kaup á kappróðrarbátum sem verða teknir í notkun á sjómannadaginn og í annan stað verður afhjúpaður minnisvarði sjómanna. Hann var gefinn fyrir allmörgum árum, eða nánar tiltekið við prédikun á sjómannadegi árið 1978.

Dagskrá dagsins verður sem hér segir:

Laugardagur.

Kl. 14:00. Undanúrslit kappróðurs við hafnarbryggjuna.

Sunnudagur.

Kl. 10:00. Lúðrasveit Siglufjarðar leikur undir stjórn Anthony Raleys, við sjómannastyttuna.

Kl. 11:00. Sjómannamessa í Siglufjarðarkirkju, prestur er sr. Vigfús Þór Árnason.

Kl. 13:00. Haldin verður ræða dagsins við hafnarbryggjuna, heiðraðir aldnir sjómenn, reiptog, netaboðhlaup, úrslit í kappróðri o.fl.

Kl. 15:00. Kaffisala á hótel Höfn á vegum slysavarnafélagsins.

Kl. 17:00. Fótbolti sjómanna.

Kl. 23:00—03:00. Sjómannadansleikur á hótel Höfn, hljómsveitin Miðaldamenn leika fyrir dansi.

— mj.

VESTMANNAEYJAR

Vestmannaeyjum, 31. maí.

MIKIÐ verður um dýrðir hér í Eyjum á sjómannadaginn eins og tíðkast hefur í áraraðir. Hér í stærstu verstöð landsins þykir ekki annað hæfa en halda tveggja daga hátíð, heila sjómannahelgi.

Þá létta hetjur hafsins sér upp með fjölskyldum sínum og vinum eftir langan og strangan vetur og við hin samgleðjumst þeim.

Hátíðahöldin hefjast á morgun, laugardag, í Friðarhöfn kl. 13.00. Þar verður sprangað og keppt í hefðbundnum íþróttum sjómannadagsins, svo sem kappróðri, koddaslag, tunnuhlaupi, reiptogi og stakkasundi. Á laugardagskvöldið verða dansleikir í þremur húsum til kl. þrjú um nóttina.

Á sunnudaginn, sjálfan sjómannadaginn, hefst hátíðin kl. 13.00 með því að hátíðin verður sett við Oddgeirsminnisvarðann á Stakkagerðistúni. Síðan verður skrúðganga að Landakirkju þar sem séra Kjartan Örn Sigurbjörnsson messar. Að lokinni messu verður minningarathöfn við minnisvarða á kirkjulóðinni um þá sem hafa hrapað eða drukknað. Þá athöfn annast sem fyrr Einar J. Gíslason. Síðdegis á sunnudag verður útiskemmtun á Stakkagerðistúni. Þar verður flutt ræða dagsins og sjómenn verða heiðraðir. Veittar verða viðurkenningar fyrir unnin afrek í íþróttum laugardagsins og fyrir björgunarafrek. Einnig verða ýmis skemmtiatriði. Um kvöldið verður vegleg skemmtun í Samkomuhúsinu, þar sem m.a. aflakóngar Eyjanna verða heiðraðir.

Hátíðinni lýkur síðan með miklum dansleikjum í Samkomuhúsinu og á Skansinum sem standa munu yfir til kl. fjögur um morguninn.

Eins og ávallt á sjómannadaginn mun Slysavarnadeildin Eykyndill vera með kaffisölu í Alþýðuhúsinu.

Þá var gefið út hér mjög vandað og læsilegt sjómannadagsblað.

— hkj.